

Tillaga til þingsályktunar

um skattleysi launatekna undir 350.000 kr. og 350.000 kr. lágmark til framfærslu lífeyrisþega.

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram lagafrumvarp fyrir árslok 2022 sem kveði á um:

1. að tekinn verði upp fallandi persónuafsláttur þannig að skattleysismörk verði við 350.000 kr. og að persónuafsláttur falli niður með sveigðu ferli við ákveðin efri mörk,
2. að breytingar verði gerðar á skiptingu útsvars og tekjuskatts af skattstofni til að jafna tekjuáhrif vegna hækkunar skattleysismarka á milli ríkis og sveitarfélaga og
3. að fullur örorkulífeyrir, endurhæfingarlífeyrir og ellilífeyrir tryggji lífeyrisþegum 350.000 kr. í ráðstöfunartekjur, á mánuði, skatt- og skerðingarlaust.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 151. löggjafarþingi (46. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram að nýju. Efni tillögunnar var áður að finna í tveimur tillögum frá 150. löggjafarþingi (9. og 17. mál) sem síðar voru sameinaðar í eina tillögu á 151. löggjafarþingi.

Hækkun skattleysismarka og fallandi persónuafsláttur.

Á undanförunum áratug hefur íslenskur efnahagur dafnað. Á sama tíma hefur fjárhagsstaða íslenska ríkisins batnað og verðlag haldist stöðugt. Launaþróun hefur einnig verið jákvæð. Þrátt fyrir mikinn árangur síðustu ára hefur ábatinn ekki skilað sér til allra. Nú er staðan þó önnur. Fjöldi fólks hefur misst atvinnu eða orðið fyrir annars konar fjárhagslegum örðugleikum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Í fyrstu bundu menn vonir við að efnahagsleg áhrif faraldursins yrðu skammvinn og að við myndum fljótt ná aftur fyrri hæðum. Efnahagsleg áhrif kórónuveirunnar hafa bitnað mest á þeim sem hafa lágar tekjur eða hafa orðið fyrir tekjumissi vegna t.d. atvinnuleysis. Þá er útlit fyrir að verðlag haldi áfram að hækka næstu misseri og bitnar það óumdeilanlega verst á fátæku fólki, sem munar um hverja krónu í útgjöldum. Á tímum sem þessum er nauðsynlegt að standa vörð um þá sem hafa minnst milli handanna. Eflaust munu margir kalla þessar tillögur ótímabærar þar sem nú þurfi að halda að sér höndum í ríkisfjármálum. Staðreyndin er þó einfaldlega sú að fólkið í landinu getur ekki gengið í gegnum enn eina kreppuna nema að það fái þær kjarabætur sem áttu að skila sér til þeirra í góðærinu. Við megum ekki skilja fátækt fólki eftir eina ferðina enn. Það hefur verið gert allt of oft.

Í skýrslu um dreifingu skattbyrði sem unnin var fyrir stéttarfélagið Eflingu og birt í febrúar 2019 kemur fram að milli árána 1993 og 2015 lækkaði skattbyrði hæstu tekjuhópa

á meðan skattbyrði lægstu tekjuhópa jókst.¹ Á sama tíma hækkaði fasteignaverð verulega og síðan þá hefur hækkunin aukist, nánast í veldisvexti. Vísitala húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur á síðasta áratug hækkað úr 321 stigum í 770 stig samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur því meira en tvöfaldast á síðustu 10 árum. Þá er húsnæðisverð að hækka ört á landsbyggðinni. Þessi þróun kemur verst við lágtekjufólk sem þarf að verja stærstum hluta tekna sinna í húsnæðiskostnað. Afleiðingarnar birtast m.a. í því að hlutfall leigjenda hefur aukist og ungmenni flytja nú seinna að heiman. Á sama tíma hafa laun hinna tekjuhæstu hækkað verulega. Sífellt berast fréttir af ofurkaupi stjórnenda ýmissa fyrirtækja og yfirmenn ríkisstofnana hafa hlotið umtalsverðar launahækkanir. Lægstu tvær tekjutíundirnar voru með minna en 300.000 kr. á mánuði í tekjur á síðasta ári. Á sama tíma var meðaltal heildarlauna 794.000 kr. Það er því ljóst að góðærið skilaði sér ekki jafnt til allra.

Mikil umræða hefur átt sér stað síðustu ár um hvernig breyta eigi skattkerfinu þannig að það íþyngi ekki þeim sem minnstar tekjur hafa. Meðal annars hafa verið lagðar fram tillögur um aukna þrepaskiptingu, eignarskatta, lækkun skatthlutfalls og hærri skattleysismörk. Auk framangreinds hefur einnig verið fjallað um að hækka skattleysismörk og miða við fallandi persónuafslátt.

Fallandi persónuafsláttur felur það í sér að eftir að skattleysismörkum er náð lækkar persónuafsláttur í samræmi við tekjuaukningu þar til hann fellur niður við ákveðin efri mörk. Þannig á sér stað tilfærsla á skattbyrði frá tekjulágum til þeirra sem hafa mestar tekjur. Þetta gerir okkur kleift að hækka skattleysismörk umtalsvert án þess að skerða verulega tekjur hins opinbera.

Hér er lagt til að skattleysismörk verði hækkuð í 350.000 kr. á mánuði. Jafnframt er lagt til að eftir því sem tekjur hækki umfram það lækki persónuafsláttur þar til hann falli loks alfarið niður. Breytingin skilar því auknum ráðstöfunartekjum til tekjulægri hópa en eykur skattbyrði hinna tekjuhæstu.

Í september 2018 kom út skýrslan *Jöfnuður í skattkerfinu* sem unnin var fyrir þingflokk Flokks fólksins.² Í skýrslunni er að finna útreikning á kostnaði ríkissjóðs af því að hækka skattleysismörk upp í 300.000 kr. á mánuði og taka upp fallandi persónuafslátt. Miðað var við að persónuafsláttur félli niður við 970.000 kr. mánaðartekjur og að vendipunktur miðað við þáverandi fjárhæð persónuafsláttar yrði við 562.000 kr. Niðurstaða skýrslunnar var sú að með breytingunni myndu tekjur ríkis og sveitarfélaga lækka um 32 milljarða kr. Hækkun skattleysismarka úr 300.000 kr. í 350.000 kr. líkt og lagt er til í þessari þingsályktunartillögu kemur til með að auka þetta tekjutap eitthvað. Hins vegar má gera ráð fyrir því að launaþróun og verðlagsþróun vegi hér á móti.

Hækkun skattleysismarka hefur ekki aðeins áhrif á tekjur fólks á vinnumarkaði. Hækkun skattleysismarka skilar einnig sér í auknum ráðstöfunartekjum hjá lífeyrisþegum og atvinnuleitendum. Skattleysismörk eru nú talsvert lægri en grunnframfærsla samkvæmt almannatryggingum og grunnatvinnuleysisbætur. Breytingin veitir því nauðsynlegan stuðning til þeirra sem mest þurfa á stuðningi að halda.

Við samningu lagafrumvarps samkvæmt tillögu greininni þarf að gæta sérstaklega að því að kostnaður við þessa aðgerð dreifist jafnt á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu gæti þannig þurft að kveða á um breytingar á útreikningi útsvars. Ellegar er hætta á því að tekjutap lendi að mestu leyti á sveitarfélögunum sem hafa minna svigrúm en ríkissjóður til

¹ Stefán Ólafsson og Indriði H. Þorláksson. *Sanngjörn dreifing skattbyrðar*. Reykjavík 2019.

² Dr. Haukur Arnþórsson. *Jöfnuður í skattkerfinu*. Reykjavík 2018.

að bregðast við slíku. Því er lagt til að breytingar verði gerðar sem tryggi að tekjutap skiptist milli ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir hlutfalli meðalútsvars af tekjuskatti.

Hækkun lífeyris almannatrygginga.

Lægstu mánaðarlegu greiðslur til lífeyrisþega, sem engar aðrar tekjur hafa, eru aðeins 266.033 kr., 233.158 kr. eftir skatt. Það er talsvert lægra en greitt er í grunnatvinnuleysisbætur, sem í dag eru 307.430 kr. Þeir sem búa við svo kröpp kjör eru fastir í fátæktargildru. Á undanförunum árum hefur framfærslukostnaður stórukist, ekki síst húsnæðiskostnaður, en á sama tíma hafa greiðslur almannatryggingakerfisins ekki fylgt almennri launaþróun í landinu. Það sem öryrkjar hafa til framfærslu hefur skerst um 29% miðað við launaþróun á síðasta áratug.³ Á árinu 2018 voru tæplega 6.000 eldri borgarar með undir 293.000 kr. á mánuði í tekjur fyrir skatt. Stórir þjóðfélagshópar búa því við mikla fátækt. Þá hefur persónuafsláttur lækkað hlutfallslega með tilliti til verðlags og launaþróunar.⁴ Áður fyrr voru skattleysismörk hærri en óskertur lífeyrir almannatrygginga. Nú eru skattleysismörk lífeyristekna við 161.500 kr. í mánaðartekjur en grunnlífeyrir fyrir skatt 266.033 kr. á mánuði. Skattleysismörk eru því töluvert lægri en grunnlífeyrir. Afleiðingarnar eru stórukin skattbyrði þeirra lægst launuðu.

Almannatryggingakerfið á að tryggja þeim sem á þurfa að halda grundvallarmannréttindi, þ.e. fæði, klæði og húsnæði. Ríkisvaldið á ekki að dæma einstakling í ævilanga fátækt ef viðkomandi er svo ólánsamur að verða öryrki. Það er nauðsynlegt að hækka lágmarksframfærsluviðmið almannatrygginga svo að það taki utan um og verndi með viðhlítandi hætti þá sem verst standa og mest þurfa á hjálpinni að halda. Það þarf að gera með tvennum hætti, þ.e. með því að hækka skattleysismörk og síðan með því að hækka lágmarksviðmið almannatrygginga til að ná því sem upp á vantar.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar skal öllum sem þess þurfa tryggður réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra aðstæðna. Þessi vernd sem stjórnarskráin veitir okkar minnstu bræðrum og systurum er ekki virt. Það er löngu orðið tímabært að fjármunum verði forgangsraðað í þágu þeirra sem mest þurfa á að halda. Því er lagt til að löggjafinn tryggi að lífeyrisþegar almannatrygginga hafi ráðstöfunartekjur sem nemi a.m.k. 350.000 kr. á mánuði, skatt- og skerðingarlaust.

³ www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5503.pdf

⁴ *Skattbyrði launafólks 1998 – 2016*. Hagdeild ASÍ, Reykjavík 2017.